

## Fundur ÆSKP 22. mars 2013 í Neskirkju við Hagatorg.

Fundinn sóttu Guðrún Karls Helgudóttir formaður, Guðmundur Karl Einarsson gjaldkeri, Sigurvin L. Jónsson ritari, Kristján Ágúst Kjartansson meðstjórnandi og Steinunn Anna Baldvinsdóttir varamaður. Sunna Dóra Möller var viðstödd á gegnum skype. Framkvæmdastjóri, Sigríður Rún Tryggvadóttir, sat fundinn.

Formaður hóf fundinn með orði og bæn.

1. Rætt var um Kirkjuþing Ungu fólksins.

Biskupsstofa óskar eftir að halda kirkjuþing unga fólksins laugardaginn 25. maí. Stjórnin fagnar því að tekið hafi verið mark á óskum okkar að þingið sé haldið að vori og á laugardegi, sem hentar ungmennunum betur.

Stjórn ÆSKP samþykkir að umsjón KUF verði í höndum Sunnu Dóru Möller, fyrir hönd ÆSKP.

2. Framkvæmdastjóri greindi frá því að útskrift farskóla leiðtogaefna var haldin 20. mars í Víðistaðakirkju. Alls útskrifuðust 38 nemendur á þessu ári og þar af 7 sem kláruðu seinna ár farskólans.

3. Rætt var um Easter Course.

ÆSKP leggur til 350.000 aukalega í verkefnið í samræmi við fjárhagsáætlun sem samþykkt var á aðalfundi.

Farið var yfir lokafrágang á þeim undirbúningi sem eftir er varðandi EC. Þórunn Harðardóttir og Rakel Brynjólfsdóttir hafa verið að sinna undirbúningi í samstarfi við Adric, framkvæmdastjóra EF.

Stjórnin skiptir á milli sín verkum.

Fyrstu þátttakendur koma laugardaginn 23. mars.

4. Stjórn ÆSKP barst bréf frá Þorvaldi Víðissyni fyrir hönd kirkjustarfshóps á vegum kirkjuþings um kyrrðarstarf í Þjóðkirkjunni.

Óskað er eftir umsögn frá stjórn ÆSKP um hvort og hvernig efla megi kyrrðarstarf í söfnum í samhengi við barna- og unglingsstarf kirkjunnar. Óskað er eftir að því verði skilað fyrir 1. maí. Stjórnin ætlar að móta svar sem skilað verður til biskupsritara. Guðrún mun rita svar og senda á stjórnina áður en það fer út.

5. Rætt var um TTT mót ÆSKP á höfuðborgarsvæðinu.

TTT mót ÆSKP á höfuðborgarsvæðinu komu til af þeirri þörf sem myndast vegna þess að héraðssamband höfuðborgarsvæðisins einskorðar sig við unglinga í 8. bekk og eldri.

Stjórn ÆSKP fellst á þá ábendingu komið hefur fram að verið sé að gera upp á milli landshluta með því að ÆSKP standi fyrir slíkum mótum. Stjórnin mun í framhaldinu móta stefnu með það fyrir augum að styðja slík mót, hvar sem þau eru.

6. Rætt var um Landsmót ÆSKP.

Þann 11. mars heimsóttu gjaldkeri og landsmótsstjóri Reykjanesbæ og skoðuðu allt húsnæði sem Landsmót hyggst nýta. Aðstaða er til fyrirmyndar og það er tilfinning stjórnar að það verði auðvelt að framkvæma stórt mót á svæðinu. Ætlunin er að fá borð og stólar úr Holtaskóla og Fjölbrautarskóla Suðurnesja og við munum gista í grunnskólum í nágrenni kirkjunnar, Myllubakkaskóla og Holtaskóla. Mótið sjálf fer fram í Íþróttahúsi Reykjanesbæjar við hlið Holtaskóla.

Viðbrögð frá bæjaryfirvöldum hafa farið fram úr björtustu vonum og bæjarstjóri Reykjanesbæjar hefur greitt götu okkar með að fá afnot af húsnæði bæjarins okkur að kostnaðarlausu.

Næstu skref eru að fá tilboð frá veitingaþjónustu, tæknaðilum og rútuþjónustu.

Undanfarin mót hefur verið brunch á sunnudagsmorgni, sem hefur fengið misjafnar móttökur. Guðmundur leggur fram nýja hugmynd um venjulegan morgunmat, síðan farið í messu. Þeir hópar sem eiga fyrir höndum langt ferðalag stoppi í kirkju á höfuðborgarsvæðinu á heimleið og fá hádegismat.

Landsmótsefnd hefur ekki enn tekið til starfa en Rakel Brynjólfsdóttir, landsmótsstjóri, mun kalla saman og móta nefndina strax eftir páska.

7. Fundi slitið 11.42.